

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Sameining lóða – deiliskipulag Hellnahrauns, 3. áfanga – Dofrahella 10 og 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og deiliskipulagsskilmála Hellnahrauns, 3. áfanga, samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 4. maí 2023, sameiningu lóðanna Dofrahellu 10 og 12. Í breytingunni felst einnig að byggingarreitir lóðanna sameinast í einn og að innkeyrslum á lóð fækkar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 25. maí 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 9. júní 2023